

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, stjórn Stríðstryggingafélags islenzkra skipshafna f. h. félagsins, greiði stefnandanum, Þorsteini Árnasyni f. h. Guðrúnar Nikulásdóttur, kr. 21000.00 í dánarbætur ásamt 5% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 3. júní 1942 til greiðsludags svo og kr. 21000.00 í árlegan lífeyri samkvæmt þeim reglum, er stríðstryggingafélagið greiðir slíkan lífeyri. Einnig greiði stríðstryggingafélagið stefnandanum kr. 2000.00 í málskostnað.

Stefndur Garðar Þorsteinsson hrm. f. h. h/f Sviða skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður gagnvart því félagi.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. júní 1943.

Nr. 113/1942. Stjórn rikisspítalanna (Sigurður Ólason)

gegn

Sjúkrasamlagi Reykjavíkur

(cand. jur. Gunnar E. Benediktsson).

Setudómari hrl. Jón Ásbjörnsson
í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Sjúkrasamlag dæmt til að greiða kostnað af sjúkrahúsvist manna, er haldnir voru kynsjúkdómi.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm í máli þessu hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 29. okt. 1942 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 16. nóv. s. á. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 6299.00 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 1026.00 frá 1. jan. 1938, af kr. 2658.00 frá 1. jan. 1939, af kr. 1768.00 frá 1. jan. 1940 og af kr. 847.00 frá 1. jan. 1941 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 1. gr. laga um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkuðla nr. 78/1936 taka ákvæði þeirra til sjúklinga, sem haldnir eru kynsjúkdómum. Í 2. mgr. 2. gr. sömu laga segir, að samkvæmt lögnum verði styrkur ekki veittur til greiðslu kostnaðar, sem hlutaðeigandi á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um alþýðutryggingar, en lög um þær nr. 26/1936 höfðu komið til framkvæmda fyrr á árinu 1936. Verður samkvæmt þessu að telja, sbr. 30. gr. laga nr. 26/1936, að sjúklingar haldnir kynsjúkdómum hafi verið tryggðir af stefnda. Ekki verður talið, að niðurlag 30. gr. laga um alþýðutryggingar nr. 74/1937 hafi breytt þessu. Ágreiningslaust er í málinu, að sjúklingar þeir, er mál þetta varðar, hafi verið til lækninga á Landsspítalanum eftir ákvörðun Hannesar Guðmundssonar, sérfræðings í kynsjúkdómum og trúnaðarmanns ríkisins í þeim málum, og voru sjúklingarnir stundaðir af honum. Þar sem þannig stóð á, getur það ekki firrt áfrýjanda rétti til greiðslu, þó að ekki sé vitað, hvort ráð tryggingarlæknis samkvæmt 3. tölulið sbr. 1. tölulið 30. gr. laga nr. 74/1937 hafi til komið hverju sinni, né að fylgt hafi verið reglum sjúkrasamlagsins um tilkynningar, enda ber að gæta sérstakrar leyndar um þessa sjúklinga.

Samkvæmt þessu ber að taka kröfur áfrýjanda til greina, enda hefur upphafstíma vaxta ekki verið mótmælt sérstaklega.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda samtals kr. 1000.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, greiði áfrýjanda, Stjórn ríkisspítalanna, kr. 6299.00 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 1026.00 frá 1. jan. 1938, af kr. 2658.00 frá 1. jan. 1939 og kr. 1768.00 frá 1. jan. 1940 og af kr. 847.00

frá 1. jan. 1941 til greiðsludags og samtals kr. 1000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. júní 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. maí f. á., af skrifstofu ríkisspítalanna hér í bæ gegn Sjúkrasamlagi Reykjavíkur til greiðslu sjúkrahússkostnaðar tiltekinna sjúklinga, að upphæð kr. 6299.00, ásamt 5% ársvöxtum af kr. 1026.00, frá 1. jan. 1938, af kr. 2658.00 frá 1. jan. 1939, af kr. 1768.00 frá 1. jan. 1940 og af kr. 847.00 frá 1. jan. 1941, allt til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu eða skv. mati réttarins.

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar sér til handa.

Málavextir eru þeir, að á árunum 1937, 1938, 1939 og 1940 hafa nokkrir ónafngreindir sjúklingar með kynsjúkdóma notið sjúkrahúsvistar á VI. deild Landsspítalans (kynsjúkdómadeild). Er það nú óvæfengt, að sjúklingar þessir hafi á umræddu tímabili verið fullgildir félagar í Sjúkrasamlagi Reykjavíkur og notið réttinda þar svo og, að sjúkrahússkostnaður þeirra á Landsspítalanum nemi alls hinni umstefndu upphæð. Stefndandi þessa máls, skrifstofa ríkisspítalanna, hefur krafist stefnda um greiðslu þessa kostnaðar og byggir þá kröfu sína á því, að samkvæmt lögum um alþýðutryggingar frá 1. febr. 1936, sbr. lög nr. 74 1937, og skv. lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla nr. 78 1936 beri stefnda skylda til að greiða kostnað þenna. Stefnda hefur neitað að verða við þessari kröfu, og er því mál þetta höfðað og í því gerðar framangreindar dómkröfur.

Stefnda byggir sýknukröfu sína á því, að það hafi hvorki með samningi né á annan hátt skuldbundið sig gagnvart stefnanda til að greiða sjúkrakostnað umræddra sjúklinga, og eigi stefndandi því ekki aðild þessa máls. Auk þess telur stefnda, að skv. 30. gr. i. f. laga nr. 74 1937, sbr. lög nr. 91 1932, beri ríkissjóði, en ekki sjúkrasamlögum, að greiða kostnað við dvöl nefndra sjúklinga í sjúkrahúsi, og hafi lög um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla ekki gert neina breytingu í því efni. En jafnvel þótt talið yrði, að almennt bæri sjúkrasamlögum að greiða slíkan sjúkrakostnað, sem hér um ræðir, þá gæti slíkt ekki komið til greina hér, þar sem ekki hafi verið gætt lögskipaðra fyrir mæla um, að tryggingarlæknir hafi ráðlagt vistina á sjúkrahúsinu eða að samið hafi verið við sjúkrahúsið um dvöl slíkra sjúklinga þar.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að vegna þeirra leyndar, sem skylt sé að hafa um sjúklinga þessa (sbr. 15. gr. laga nr. 91 1932), hafi ekki verið unnt að fylgja venjulegum reglum í þessum tilfellum, en allir sjúklingarnir hafi verið lagðir inn í sjúkrahúsið að ráði hins opinbera trúnaðarlæknis (sérfræðings í kynsjúkdómum).

Því er ómótmælt haldið fram, að stefnda hafi aldrei borizt nein beiðni um sjúkrahússvist til handa sjúklingum með kynsjúkdóma, en annars er það venjan, að læknir samlagsmanns, er þarfnast sjúkrahússvistar, sendi samlaginu beiðni um það ásamt ýmsum tilteknum upplýsingum. Samlagið athugar síðan, hvort sjúklingur eigi rétt til sjúkrahússvistar á kostnað þess, og reynist það svo, er beiðnin lögð fyrir trúnaðarlækni samlagsins, er úrskurðar, hvort sjúkrahússvistin skuli veitt eða ekki (sbr. 3. tölulið 1. mgr. 30. gr. alþýðutryggingalaganna). Trúnaðarlæknir stefnanda, Jóhann Sæmundsson, hefur vottað það, að honum hafi aldrei borizt nein beiðni um sjúkrahússvist til handa sjúklingum, sem haldnir hafa verið kynsjúkdómum.

Skv. lögum um varnir gegn kynsjúkdómum nr. 91 1932 er að visu gert ráð fyrir leynd um nöfn sjúklinga, er sýkjast af „syphilis“. Jafnframt eru í lögunum gefnar reglur um, hvernig einkenna megir umrædda sjúklinga, og verður ekki annað séð, en að slíkum reglum mætti og koma við í sambandi við beiðni um sjúkrahússvist handa sjúklingunum. Þetta atriði þykir því ekki geta réttlætt það að bregða frá lögskipuðum fyrirmælum um þessi efni, og með tilliti til þessa svo og þess, að ekki verður talið, að umræddur sérfræðingur í kynsjúkdómum geti í þessu tilfelli komið í stað trúnaðarlæknis stefnda, verður að fallast á það með samlaginu, að þegar af þessari ástæðu og hvernig sem litið yrði á aðrar varnarástæður þess, geti stefnandi ekki sótt umræddar kröfur á hendur því. Þykir því verða að sýkna stefnda af öllum framangreindum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Sjúkrasamlag Reykjavíkur, á að vera sýknt af kröfum stefnanda, Skrifstofu ríkisspítalanna, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.